



STÖÐUGJALD VEGNA SÖLUVAGNA Á ÍRSKUM DÖGUM ÁRIÐ 2023 Á AKRANESI

Á Írskum dögum á Akranesi sumarið 2023 leggur undirrituð til neðangreind ákvæði vegna stöðugjalda. Ákveða þarf gjaldtöku vegna söluleyfis þessa tilteknu helgi.

Þeir sem fá leyfi til að vera með götusölu/söluvagna þurfa að lúta eftirfarandi reglum:

- Viðkomandi söluaðili þarf að sýna fulla tillitssemi í umgengni við aðra söluaðila sem og starfsmenn og gesti hátíðarinnar.
- Ef viðkomandi söluaðili selur matvæli þarf hann að framvísa fullnægjandi starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og að hafa ruslafötu fyrir framan vagn sinn.
- Viðkomandi söluaðili þarf að ganga frá eftir sig. Það þýðir að sópa og týna rusl í a.m.k. 50 metra út frá aðstöðunni áður en farið er af svæðinu.

Brot á reglum þessum varða brottvísun af svæðinu.

Stöðugjald árið 2023 fyrir hvern söluaðila/söluvagn er kr. 26.000 sem greiðist inn á reikning Akraneskaupstaðar 0326-26-002646, kt. 410169-4449 eigi síðar en 29. júní 2023. Senda skal afrit af greiðslukvittun á akranes@akranes.is.

Hér með er **fyrirtækinu X** veitt leyfi til að vera með söluvagn á Írskum dögum á Akranesi frá kl. 12:00 fimmtudaginn 29. júní til kl. 18:00 sunnudaginn 2. júlí 2023. Staðsetning fyrir söluvagn skal vera ákveðin í samráði við viðburðastjóra Írskra daga.

Virðingafyllst

Vera Líndal Guðnadóttir,

Verkefnastjóri